

## 44. umdæmisþing Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar, haldið í Salnum Kópavogi 12.-14. september 2014.

### Þingfundargerð

#### Þingsetning í Kópavogskirkju.

Setning 44. umdæmisþings Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar fór fram í Kópavogskirkju, föstudaginn 12. september kl: 20:30. Formaður þingnefndar Arnaldur Mar Bjarnason bauð gesti velkomna og kynnti dagskrá kvöldsins. Dröfn Sveinsdóttir umdæmisstjóri flutti stutt ávarp og setti þingið formlega. Ávörp fluttu: Ásta Ágústsdóttir djákni við Kópavogskirkju, Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogs, Evrópuforseti Mari-Jeanne Boutry, Umdæmisstjóri Norden Mona Hurtig og Jim Rochford umdæmisráðgjafi 2014-2015 Nemendur úr tónlistarskóla Kópavogs fluttu tónlistaratriði. Umdæmisstjóri Dröfn frestaði fundi klukkan 21.10 til kl. 09:00 laugardag.

#### Þingfundi framhaldið í Salnum Kópavogi.

Þingi var framhaldið í Salnum laugardaginn 13. september kl. 09:00 Dröfn Sveinsdóttir umdæmisstjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

#### Skýrslur umdæmisstjórnar og umræður um þær.

Þar sem allar skýrslur eru í þingblaðinu var aðeins umdæmisstjóri Dröfn Sveinsdóttir sem las skýrslu sína. Umdæmisritari og umdæmisfóhvirðir komu í pontu og sögðu nokkur orð um skýrslur sínar. Þá komu allir svæðisstjórar og stikluðu á stóru um skýrslur sínar.

**Ragnar Örn – Keilir** talaði um að þingið ætti að vera vettvangur til að ræða það sem brennur á félögum, spyrja og koma með skoðanir. Þakkar fyrir góðar skýrslur og segir gott að hafa þær í Kiwanisfréttum. Spyr umdæmisstjóra um erlent samstarf, fimm ára fjölgunaráætlun og styrk frá Evrópustjórn. Spyr umdæmisritara um nýja skýrslu ritara. Veltir upp hvort hvítabókin eigi að vera bara á vefnum og spyr um sumarþúðir 2014.

**Ólafur – Drangey** þakkar góðar skýrslur, talar um að sinna þurfi grasrótinni, telur að ekki hafi verið rétt staðið að undirbúningi sumarþúða 2014. Dröfn umdæmisstjóri svara um unglingsþúðir 2014 og segir að ekki sé rétt það sem ritað hefur verið á Facebbok. Hún hafi sjálf setið fund þar sem unglingar og foreldrar hafi verið.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.**

**Benedikt – Skjálfanda** telur að hætta eigi prentun á hvítubókinni, er annt um hreyfinguna og telur að allir klúbbar eigi að vera með heimasíðu ekki nota Facebook. Þakkar fyrir skýrslur. Klúbbar eru að vinna vel. Kemur inn á fjölgunarnefnd og telur að hún hafi ekki staðið sig.

**Emelía Dóra – Sólborg** þakkar fyrir skýrslur og vill að þær séu lesnar upp finnst það persónulegra. Vantar að láta vita hvað við höfum styrkt.

**Anna Kristín – Dyngju** mætti bæta við netföngum félaga í hvítubókina og hver og einn ætti bara að prenta hana út sjálfur. **Hildisif umdæmisritari** svara spurningu Ragnar Örn, ný ritaraskýrsla er tilbúin en það vantar peninga til að setja hana í gagnið. **Dröfn** kom upp og sagði að samkvæmt umdæmislögum skyldi umdæmisstjóri skipa kjörbréfanefnd og kjörnefnd og yrði hvor nefndin að vera skipuð af minnst þrem kostningabærum félögum. **Ástbjörn** kom með tilkynningu frá Kjörbréfanefnd þess eðlis að 88 fulltrúar hafa náð sér í gögn auk umdæmisstjórnar og nefndarformanna og því ættu að vera rétt um 112 atkvæðabærir menn að vera í salnum.

**Gylfi – Hraunborg** þakkar fyrir skýrslur, öll verkefni sem verið er að sinna þurfa að vera sýnileg, þurfum að halda á lofti Hjálmaverkefningu og K-dagslyklinum, harmar að K-dagslykilinn sé ekki áfram. Minnti á Lífsvísinn sem hreyfinginn lét útbúa og sagði að fundur yrði með Salbjörgu hjá Landlæknisembættinu í næstu viku. Fækkun af því að við erum ekki að standa okkur sjálf. **Anna Kristín – Dyngju** minnti á að bæjarstjóri Kópavogs hefði í ræðu sinni í gær talað um sölu á K- lykli á hverju ári, þannig væri það í hugum fólks. **Dröfn** svaraði að ekki hefði neinn fengist til að vera formaður K-dagsnefndar og vonaði að það finnst einhver til þess þar sem verkefnið hefði ekki verið lagt niður. **Torfhildur – Emblu** skelfilegt að hætta með K- lykilinn og vill halda hvítubókinni. **Stefán – Ós** spurði hvort ekki væri til skýrsla fyrir ritara frá KI. **Stefán – Þyrill** tekur undir með nafna sínu í Ós og segir að við verðum að sætta okkur við netvæðingu. **Ólafur – Drangey** vantar skýrslur frá tveim stórum nefndum Fjölgunarnefnd og Stífkampa. **Dröfn** svarar að formaður fjölgunarnefndar hafi sent bréf í alla klúbba og ekki fengið svör frá öllum, það má líka hafa samband við fjölgunarnefnd.

**Benedikt – Skjálfanda** segir formann fjölgunarnefndar aldrei hafa haft samband og aldrei haft tíma. **Gunnlaugur – Básar** má spara við hvítubókina, margir vilja láta gera margt en samt má ekki hækka félagsgjöldin. **Ragnar Örn – Keilir** ítrekaði svör við tveimur spurningum. **Hjördís** svaraði um fjölgunaráætlun Kiwanis og sagði frá fjölgunarráðstefnu sem verður í

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.**

Evrópu og þá er verið að horfa til ungarfólksins í hreyfingunni. **Eyþór** svaraði því að ekki væri búið að nota peningana sem komu frá Evrópu. **Formaður þingnefndar** kom í pontu og minni fundarmenn á að kaupa miða á galballið.

**Fjárhagsáætlun umdæmisins 2014-2015.** Arnór L. Pálsson formaður fjárhagsnefndar kom upp og fór yfir hlutverk fjárhagsnefndar, kynnti fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2014-2015 og fjárhagsáætlun fyrir Kiwanisfrétta fyrir starfsárið 2014-2015 og gaf að lestri loknum fundarmönnum kost á að koma með fyrirspurnir um fjárhagsáætlanirnar.

**Ólafur – Drangey** spyr af hverju kostnaður við umdæmisstjórnarfund í september 2015 sé svona mikið hærri en kostnaður við aðra fundi. **Eyþór** svara að það sé vegna þess að sá fundur er í tengslum við þingið í Vestmannaeyjum. **Sæmundur – Elliða** spyr af hverju greitt sér úr þingsjóði 1.000.000 kr. **Eyþór** svara að það sé til að mæta kostnaði við þing í Vestmannaeyjum.

**Ragnar Örn – Keili** spyr hvort fjármagn rúmist fyrir breytingu á ritaskýrslu. **Eyþór** svara því játandi. **Ástbjörn** kom og tilkynnti að bæst hefðu við 3 afkvæði og því væru 115 á kjörskrá.

**Fjárhagsáætlun umdæmisins 2014-2015 var borin upp til atkvæða og var fjárhagsáætlunin samþykkt einróma.**

**Fjárhagsáætlun fyrir Kiwanisfréttir 2014-2015 var einnig borin upp til atkvæða og var fjárhagsáætlunin samþykkt einróma.**

## **Ársreikningur 2012-2013.**

Guðbjörg Brynja Pálsdóttir fyrrverandi umdæmisféhirðir lagði fram ársreikninga umdæmisins fyrir starfsárið 2012-2013 undirritaða af skoðunarmönnum umdæmisins, þeim Gunnari R. Einarssyni og Guðmundi Péturssyni.

**Fyrirspurnir: Sigurgeir – Skjálfanda** benti á að misræmi væri í skuldum og eigið fé.

Guðbjörgu gefin tími til að skoða þetta. **Ólafur – Drangey** óskaði Hjördísi til hamingju með reikningana.

Skoðunarmenn reikninga starfsársins 2014-2015 verða þeir sömu og á fyrra ári eða Gunnar R Einarsson og Guðmundur Pétursson.

**Skoðunarmenn ársreikninga 2014-2015 voru samþykktir samhljóða af fundarmönnum.**

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.

**Lagabreytingar:** Sigurgeir Aðalgeirson formaður Laganefndar sagði ein tillaga hefur borist um laga breytingu frá Kiwanisklúbbnum Keili og tvær tillögur frá Ragnari Erni – Keili. Ragnari Erni gefið tækifæri til að gera grein fyrir tillögunum. Ragnar Örn fór yfir tillögu Keilis en dró hana svo til baka fyrir hönd klúbbsins þar sem búið er að samþykkja að hafa umdæmisstjórnarfund í janúar. Sigurgeir sagði að ný lög væru í þýðingu og verða komin fyrir næsta þing.

## Aðalfundur styrktarsjóðs.

Ástbjörn Egilsson kom í pontu og lagði til að Sæmundur Sæmundsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt.

Ástbjörn flutti skýrslu formanns, engar umræður urðu um skýrsluna.

Arnar Ingólfsson lagði fram reikninga 2012 og voru þeir samþykktir samhljóða

Þá lagi Arnar fram reikninga 2013 og voru þeir samþykktir samhljóða.

Arnar þakkaði fyrir samstarfið.

Þá var komið að kosningu í stjórn, Sæmundur sagði að Arnar Ingólfsson og Þröstur Jónsson hætta í stjórn núna og því væri komið að kosningu gjaldkera og meðstjórnanda, lagt var til að Gísli Valtýsson sem verið hefur meðstjórnandi verði gjaldkeri og inn komi í meðstjórn Hildisif Björgvinsdóttir og Sigurður R. Pétursson, var það samþykkt samhljóða Sæmundur sleit fundi.

## Afhending viðurkenninga.

Á þessu þingi fengu nítján klúbbar viðurkenningar fyrir að hafa staðist fyrirmyndarviðmiðin á starfsárinu en þessir klúbbar voru:

Höfði, Jörfi, Geysir, Katla, Hekla, Skjöldur Fjallabyggð, Skjálfandi, Kaldbakur, Drangey, Ós, Thorshavn, Helgafell, Eldborg, Eldey, Hraunborg, Sólborg, Varða, Setberg og Keilir.

Fulltrúar þessara klúbba komu upp og tóku við viðurkenningum.

Þá voru veittar viðurkenningar til svæðisstjóra, tveir svæðisstjórar hlutu viðurkenningu að þessu sinni, Guðmundur Karl Jóhannesson Óðinssvæði og Jóhanna M. Einarsdóttir Ægissvæði.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.**

Þrjú félagar fengu viðurkenningar sem fyrirmyndarfélagi og eru það þau Ingimar Hólm Ellertsson Þyri, Vigdís Ellertsdóttir Vörðu og Gunnar Magnússon Hraunborg.

Eyþór umdæmisféhirðir bað þingheim að senda SMS í númerið 1900 og skrifa STOP og gefa þar með í söfnun vegna Stífkrapaverkefnisins og með því bjarga þremur mannlífum.

## **Hádegishlé 12:00-13:00**

Að hádegisverði loknum hófs fundur með því að spilað var myndband með laginu Sérhver skipti máli.

Þá var búið að skoða og finna út það sem ekki stemmdi í ársreikningum 2012-2013 og voru þeir bornir upp til samþykktar og samþykktir einróma.

**Ávörp erlendra gesta:** Þau Jim Rochford umdæmisráðgjafi 2014-2015, Marie-Jeanne Boutry Evrópuforseti og Mona Hurtig umdæmisstjóri Norden voru erlendir gestir á umdæmisþinginu að þessu sinni og fluttu þau öll ávörp.

Hjördís afhenti endurskoðendum reikninga gjafir fyrir þeirra störf.

## ***Staðfesting á umdæmisstjóra 2014-2015 Gunnlaugur Gunnlaugsson***

Gunnlaugur bað þingheim að syngja fyrir Mari-Jeanne þar sem hún átti afmæli. Síðan ávarpaði Gunnlaugur þingheim.

### ***Kjör Gunnlaugs var staðfest með lófaklappi***

**Kynning á kjörumdæmisstjóra 2014-2015:** Gunnsteinn Björnsson úr Kiwanisklúbbnum Drangey Suðárkrók var einn í framboði.

### ***Kjör Gunnsteins var staðfest með lófaklappi***

## ***Kynning á kjörumdæmisstjóra 2015-2016***

Stefán í Ós kynnti kjörumdæmisstjóra 2015-2016 Hauk Sveinbjörnsson

*Kiwanis er alheimssamtök sjálfbodaliða er hafa að*



*markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna*

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.**

Haukur kom í pontu og ávarpaði þingheim

## **Staðfesting stjórnar 2014-2015**

Svæðisstjóri Ægissvæðis Magnús Eyjólfsson

Svæðisstjóri Sögusvæðis Ólafur Þór Guðmundsson

Svæðisstjóri Óðinssvæðis Ólafur Jónsson

Svæðisstjóri Færeyjasvæðis Karin Jacobsen

Svæðisstjóri Freyjusvæðis Ragnar Eggertsson

Erlendur ritari Tómas Sveinsson

Umdæmisfóhvirðir Eyþór K. Einarsson

Umdæmisritari Kristján G. Jóhannsson

Kjörumdæmisstjóri Gunnsteinn Björnsson

Umdæmisstjóri Gunnlaugur Gunnlaugsson

Fráfarandi umdæmisstjóri Dröfn Sveinsdóttir

***Stjórnin var staðfest með lófaklappi fundarmanna***

## **Staðarval umdæmisþings 2015**

Guðmundur Jóhannsson formaður Þingnefndar 2015 kom upp og kynnti staðarvalið, en næsta þing verður haldið í Vestmannaeyjum. Guðmundur sýndi myndband frá Vestmannaeyjum.

## ***Staðarval umdæmisþings 2017***

Samþykkt að halda þing 2017 á Akureyri

## ***Kosning í Fjárhagsnefnd***

Dröfn benti á að samkvæmt lögum umdæmisins sætu þrír aðilar í Fjárhagsnefnd og væru þeir skipaðir á umdæmisþingi og að þessi sinni væri einn aðili að hætta störfum í nefndinni, en Hjördís Harðardóttir gæfi kost á sér og óskaði Dröfn eftir hugmyndum fundarmanna um

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.**

einhvern annan frambjóðanda, en enginn bauð sig fram og því var Hjördís sjálfkjörin með lófaklappi fundarmanna.

## *Niðurstaða umræðuhópa*

Stjórnendur umræðuhópa frá föstudeginum fóru yfir niðurstöður hópavinnunnar og verða þær niðurstöður birtar á heimasíðunni Kiwanis.is

## **Önnur mál**

**Ástbjörn Egilsson** formaður Styrktarsjóðs umdæmisins gerði grein fyrir Stífkrapavefkefninu. Nánast allir klúbbar hafa greitt 2.500 kr. pr. féлага til verkefnisins. Sagði frá sýningunni sem var í Kringlunni. Hvatti féлага til að taka vel á endasprettinum.

**Dröfn** las upp bréf frá Guðmundi Skarphéðinssyni formanni Fjölgunarnefndar.

Umdæmistjóri Dröfn kallaði til sín formenn nefnda og færði þeim gjafir og þakkir fyrir þeirra störf.

**Kristján** formaður ferðanefndar sagði frá ferð sem áætlað er að fara 25.- 28. Júní 2015 á heimsþing vegna 100 ára afmæli hreyfingarinnar.

**Ragnar Örn - Keilir** bar upp tillögu um að stofnað verði embætti Kynningar- og markaðsstjóra sem leiðir starf nýrrar kynningar- og markaðsnefndar.

**Dröfn** leggur tillögun fram og opnar fyrir umræður um tillöguna. **Eyþór** segir að það vanti fjármagn. **Erlendur - Mosfell** spyr hvort ekki megi nota peningana frá Evrópu í þetta.

**Benedikt – Skjálfanda** er ánægður með þessa tillögu og telur að ný stjórn finni pening.

Dröfn bar tillöguna upp og var hún samþykkt.

**Ragnar Örn - Keilir** bar þá upp tillögu um að embætti upplýsinga- og blaðafulltrú /ritstjóra Kiwanisfrétta verði lagt niður en í staðinn stofnuð rit- og vefnefnd sem haldi utan um útgáfu blaðanna og heimsíðu umdæmisins í samstarfi við vefstjóra.

**Dröfn** bara upp tillöguna og opnaði fyrir umræður um tillöguna.

**Óskar – Eldey** sagði að einn hópur í vetur á vegum umdæmisstjórnar hefði fjallað um þetta og væri búinn að skila inn skýrslu til umdæmisstjórnar, mun ekki styðja þessa tillögu. **Sigurður –**

**Básun** vill að þessi tillaga verði vísað frá.

**Ragnar Örn** dregur tillöguna til baka.



# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.**

**Ragnar Örn – Keilir** bar þá upp tillögu um að stjórnarskipti í hreyfingunni fari fram í lok þingdags á laugardegi í stað þess að halda þau á sérstökum fundi á sunnudegi eftir þing.

**Dröfn** bar upp tillöguna og opnaði umræður um tillöguna

**Hildisif umdæmisritari** vitnar í niðurstöður vinnuhóps frá föstudegi og leggur til að tillagan verði dregin til baka. **Gunnsteinn kjörumdæmisstjóri** er sammála Hildisif og vill að hlustað verði á niðurstöður vinnuhóps.

**Ragnar Örn** dregur tillöguna til baka.

**Ólafur – Drangey** saknar Haraldar Finnssonar og ræðir um hjálmaverkefnið. Kiwanis er frábær félagsskapur en vantar að koma stóru verkefnunum okkar á vefinn og umfjöllun um þau og okkar frábæra starf í fjölmiðla. Segir að stundum þurfi neikvæða umræðu til að fá jákvæða umræðu.

**Kötluskáldið Steinn** fór með vísu

Kiwanismenn kveðja Dröfn  
með kossflens og skjalli  
sigldi skipi heilu í höfn  
í hendurnar á kalli

Er í vændum erfitt starf  
á því fær að kenna  
gætilega Gulli þarf  
að gagna í fótspor kvenna

Formaður þingnefndar kom í pontu og minnti fundarmenn að skrifa á skinnin

## Þingfundir frestað

Umdæmisstjóri Dröfn frestaði þingi kl. 16:05 þar til kl. 19:30

## Lokahóf í Gullhömrum í Grafarholti

Galaballið og þinglokin fóru fram í Gullhömrum í Grafarholti í glæsilegum húskynnum. Húsið var opnað kl 19.00 og þá hófu þingfulltrúar að mæta á svæðið, í létt spjall. Dröfn umdæmisstjóri setti fund eftir hlé og lét veislustjórn kvöldsins í hendurnar á Konráð Konráðssyni sem stóð sig



# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.**

eins og hetja við veislustjórnina og allt sem því fylgir. Boðið var upp á þriggja rétta máltíð, humarsúpa í forrétt, aðalrétturinn var lamb og síðan frábær eftirréttur og var gerður góður rómur af matnum.

Að venju voru veittar viðurkenningar og þess ber að geta að Grímur fékk bikar fyrir athyglisverðasta fjáröflunarverkefnið, Hekla fékk fjölmiðlabikarinn en fimmtíu ára afmælið þeirra fór mikinn í fjölmiðlum á starfsárinu, Hekla fékk viðurkenningu fyrir athyglisverðasta styrktarverkefnið og Varða fékk fjölgunarbikarinn í ár. Umdæmisstjóri Dröfn var kölluð upp og henni færð gjöf og þakkir fyrir vel unnin störf á starfsárinu. Að venju voru erlendum gestum þingsins gefnar gærur áritaðar af öllum þingfulltrúum og síðan var gamla og nýja stjórnin kallaðar fram á gólf og gefið hressilegt lófatak.

Á milli rétta skemmtu feðginin Sara Grímsdóttir og Grímur Sigurðsson með söng og gítarspili. Að skemmtidagskrá lokinni sleit Dröfn umdæmisstjóri þingfundi og þá tók við dansleikur fram á nótt og sjá hljómsveitin Skyttarnar þrjár um danstónlistina, frábært kvöld í alla staði.

*Fundargerð ritaði:*

*Hildisif Björgvinsdóttir*

*Umdæmisritari 2013-2014*